

# Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar 2015

Haldinn að Jaðri 10. desember kl. 20:00

Sigmundur Ófeigsson setti fundinn og bauð félagamenn velkomna.

## Dagskrá aðalfundar Golfklúbbs Akureyrar 2015:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis
3. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9 grein
4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
5. Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8 grein
6. Kosnir tveir skoðunarmenn og einn til vara
7. Ákvörðun árgjalds skv. 4 grein
8. Önnur mál

### 1. Kosning fundarstjóra og ritara.

Fundarstjóri var kosinn Tryggvi Gunnarsson og ritari Ingi Torfi Sverrisson

### 2. Skýrsla formanns.

Sigmundur Ófeigsson las skýrslu stjórnar og er vitnað til hennar sérprentaðrar

### 3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.

Guðlaug María Jónsdóttir tók til máls. Nú er það nýbyggingin okkar Klappir sem á hug okkar allan, en þar fáum við eitt besta æfingarsvæði landsins. Áætlaður kostnaður við vegna nýframkvæmda sem við erum í núna eru 95 milljónir.

Rekstrartekjur ársins 2015 eru tæpar 118 milljónir kr. Með hækkun á milli ára um 11,5 m.kr. Árgjöld GA lækka um tæpar 2 m.kr. á milli ára, Lundsvöllur lækkar um 665 þúsund. Á móti koma hækkanir á milli ára vegna móta eins og Arctic Open, Hjóna og para og Miðvikudagsmóta nú í sumar.

Framlög og styrkir hækka um rúmar 5 milljónir.

Rekstrargjöldin voru rúmlega 112 milljónir. Þar er hækkun á milli ára um 9,7 m.kr.

Hagnaður var því um 5,5 m.kr. án fjármagnsliða. Þegar tekið er tillit til fjármunatekna og fjármagnsgjalda er hagnaður félagsins 45.754 kr.

Eignir samtals eru metnar á 63,4 m.kr. Eigið fé um 14,8 m.kr. og langtíma/skammtíma skuldir því 61,8 milljón kr. Þegar skuldirnar okkar eru skoðaðar betur þá er staðan þannig að

raunskuldir klúbbsins í dag eru rétt um 45 milljónir. Allar skammtímaskuldarnar (fyrir utan afborganir langtímalána á árinu) eru greiddar, en eru þarna inni þar sem til þeirra var unnið á rekstrarárinu en þær ekki greiddar fyrr en að rekstrarári líkur, ( í nóvember síðastliðnum). Samtals skuldir og eigið fé 76,7 m.kr. sem hækkar um tæpar 12 milljónir á milli ára. Sem felast aðallega í tækjakaupum. Við fjárfestum fyrir rétt tæpar 20 milljónir króna.

Við keyptum m.a. annars fjögur ný tæki á golfvöllinn og einnig keyptum við Trackmaninn af Brian sem er nú í okkar eigu.

Samkeppnisreksturinn er að skila okkur hagnaði upp á 808 þúsund. Tvö ár eru búin af 5 ára samning um slátt á fótboltavöllum bæjarins.

EBITDA er rúmlega 12 milljónir á móti 9.7 milljónum í fyrra. Yfirdrátturinn okkar stendur rétt í 32 milljónum, af því eru rúmlega 8 milljónir tilkomnar vegna framkvæmda sem við eigum eftir að fá endurgreitt. (Til gamans má geta að árið 2013 voru Rekstrartekjur 79,6 milljónir Rekstrargjöld gjöld 78,2 milljónir) það er hækkun á þriggja ára tímabili um 39,3 m.kr. á rekstri félagsins.

#### **4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar. Hver grein er borin undir fundin fyrir sig.**

Skýrsla formanns og ársreikningar samþykktur samhljóma.

#### **5. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru. Fundarstjóri fer yfir þær lagabreytingar sem stjórn hefur lagt til.**

Fundarstjóri fer yfir breytingar sem lagðar hafa verið til af stjórn GA. Aðalfundur samþykkir allar lagabreytingar sem lagðar voru fram.

#### **6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn - Kosning í nefndir á vegum klúbbsins.**

Fundarstjóri spurði hvort einhverjar fleiri tilnefningar væru aðrar en þær sem koma frá uppstillinganefnd, en svo var ekki. Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn er :

#### **Stjórn og nefndir starfsárið 2015-2016 – Tillaga uppstillingarnefndar**

##### **Aðalstjórn**

Formaður:	Sigmundur Ófeigsson	eitt ár
Varaformaður:	Jón Steindór Árnason	seinna ár
Ritari:	Ingi Torfi Sverrisson	fyrra ár
Gjaldkeri:	Guðlaug M. Óskarsdóttir	seinna ár
Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	seinna ár

##### **Varamenn í stjórn**

1. varamaður	Sigurður Skúli Eyjólfsson	eitt ár
2. varamaður	Eygló Birgisdóttir	eitt ár

##### **Vallarnefnd (GSÍ)**

Formaður: Örn Viðar Arnarson  
Jón S. Hansen

##### **Afreks og unglínganefnd**

Formaður: Skúli Eyjólfsson

Heimir Jóhannsson  
Sverrir Þorvaldsson  
Bjarni Þórhallsson  
Þórunn Haraldsdóttir  
Ágúst Jensson  
Steindór Kr. Ragnarsson

Anton Ingi Þorsteinsson  
Ágúst Jensson  
Golfkennari GA

### **Kappleikjanefnd (GSÍ)**

Formaður: Jón Heiðar Sigurðsson  
Karl Haraldur Bjarnason  
Framkvæmdastjóri GA

### **Forgjafar og aganefnd (GSÍ)**

Formaður: Björn Axelsson  
Stefán Jónsson  
Eiður Stefánsson

### **Nýliðanefnd**

Þorsteinn Konráðsson  
Stefanía Kristín Valgeirsdóttir  
Snæbjörn Snæbjörnsson  
Jón Gunnar Traustason  
Golfkennari GA

### **Skoðunarmenn ársreikninga**

Sveinn Pálsson  
John Júlíus Cariglia

### **Arctic Open nefnd**

Formaður: John Júlíus Cariglia  
Viðar Valdimarsson  
Halla Sif Svavarsdóttir  
Jón Egill Gíslason  
Eygló Birgisdóttir  
Geir Kristinn Aðalsteinsson  
Heimir Örn Árnason  
Framkvæmdastjóri GA

### **Húsnefnd**

Þorsteinn Konráðsson  
Baldur Ingi Karlsson  
Jón Vídalín

### **Öldunganefnd**

Haraldur Júlíusson  
Þórunn Anna Haraldsdóttir  
Hafberg Svansson

## 7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.

	2015	2016
Hópur	Árgjald	Árgjald
Fullorðnir (27 –66 ára)	79.000 kr.	82.000 kr.
Hjón	71.100 kr.	73.800 kr.
Öldungar	55.000 kr.	59.000 kr.
19 - 26 ára		47.500 kr.
15 - 18 ára		37.500 kr.
11 - 14 ára		27.500 kr.
10 ára og yngri	20.000 kr	22.000 kr.

Rúnar telur að öryrkjar séu að greiða hæsta gjaldið í klúbbnum þar sem þeir fá ekki endurgreiðslu frá stéttarfélagi. Ágúst bendir á að hver sem er geti sótt um undanþágu eða lækkun á árgjaldi.

Gestur, Spurt um gjalddaga og hvers vegna það sé svo snemmt. Framkvæmdastjóri útskýrir að rekstur golfklúbbsins sé heilsársrekstur og fleiri stöðugildi sú nú en áður og því dýrt að reka klúbbinn á lánsfjármagni yfir árið.

Jón birgir bendir á að áberandi hagstætt að vera með börnin í golfþróttinni.

Fundurinn samþykkir gjaldskrá fyrir árið 2016

## 8. Kosning skoðunarmanna ársreiknings.

Skoðunarmenn ársreikninga voru síðan kosnir Sveinn Pálsson og John Júlíus Cariglia.

## 9. Önnur mál.

Guðlaug komu fram fyrir hönd orðunefndar og veitti viðurkenningar GA.

Afreksmerki GA: Víðir Steinar, Kristján Benedikt og Stefán Einar

Holumeistari GA 2015: Stefán Einar Sigmundsson.

Háttvísibíkar: Stefá Einar Sigmundsson.

Kylfingur ársins: Kristján Benedikt Sveinsson.

Undir liðnum önnur mál gerði framkvæmdastjóri grein fyrir rekstraráætlun næsta árs.

Gert er ráð fyrir því að tekjur aukist um ca 16 milljónir á næsta ári sem er tilkomið vegna hækkunar á árgjöldum og íslandsmótsins í högggleik sem haldið verður á Jaðri. Einnig mun gjöld hækka um 16 milljónir aðallega vegna launahækkana sem og íslandsmótsins. Gert er ráð fyrir því að rekstur klúbbsins skili hagnaði upp á 1,6 milljónir árið 2016.

Rekstraráætlun klúbbsins samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri segir frá því að Húsasmiðjan hefur gefið til parket til að leggja á sal golfklúbbsins.

Sturla Höskuldsson, golfkennari, tekur til máls.

Þakkar stjórn og starfsfólki og félögum fyrir skemmtilegt ár. Goðar móttökur. Golfkennari er ánægður með afreks og unglíngastarf. Minnir meðlimi á þær fjáraflanir sem eru í gangi á vegum unglíngaráðs.

Fyrirspurnir:

Viðar: spyr um verð í herminn(Trackman) og hvers vegna meðlimum GA bjóðist ekki jafn góð kjör og Dalvíkingum.

Bent er á að meðlimir GA séu að borga talsvert minna en kylfingar á Reykjarvíkursvæðinu. Stefnt sé á að kaupa annan slíkan hér og því þurfi tækið að skila tekjum.

Vigfús Ingi : Protee skilar ekki tekjum. Er möguleiki að kaupa annarskonar hermi? Klúbburinn er að reyna að selja Protee og kaupa þá Indoor Trackman í staðinn

Árni Jónsson bendir á að Trackman sé notaður gríðarlega mikið þegar tekið er tillit til keppnishópanna.

Upp kom umræða um spílatíma umgengi á vellinum. Viðstaddir almennt sammála um að betur mætti geri í því að halda uppi leikhraða en lausnin lægi einna helst hjá okkur sjálfum.

Fundi slitið kl. 21:45

Ingi Torfi Sverrisson

